Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi er skráður með ótilgreint heimilsfang samkvæmt Þjóðskrá Íslands og verður upplýsingar því ekki aflað um hvar megi birta stefnuna fyrir stefnda eftir almennum reglum. Stefndi á því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefndi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefndi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.

2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-081424.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins ogupplýsingar um námslok.
5. Greiðsluyfirlit láns nr. G-081424.
6. Greiðsluyfirlit eldra láns nr. R-045706.
7. Greiðsluyfirlit eldra láns nr. G-062783.
8. Yfirlit yfir stöðu lánsins dags. 18. mars 2024.
9. Yfirlit yfir skuldabréf dags. 18. mars 2024.
10. Innheimtuviðvörðun dags. 17. apríl 2023.
11. Innheimtubréf dags. 12. maí 2023.
12. Tilkynning um gjaldfellingu dags. 18. mars 2024.
13. Kvittun fyrir greiðslu til Lögbirtingablaðs vegna birtingar á stefnu.

*Áskilnaður:*Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

*Áskorun og fyrirkall:*Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 14. nóvember 2024 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 16. septemger 2024.
F. h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,
Dagbjört J. Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024019164

Útgáfud.: 30. september 2024

Stefna til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,
Borgartúni 21, Reykjavík

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Júlíus Pálsson kt. 170158-3859, Danmörk.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur; að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 6.292.148 krónur með dráttarvöxtum skv. 1.mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 85.876 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, af kr. 244.994 frá 1. september 2021 til 1. mars 2022, af kr. 335.030 frá 1. mars 2022 til 30. júní 2022, af kr. 6.292.148 frá 30. júní 2022 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1013-220007.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að viðbættum virðisaukaskatti að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er til komin vegna námslána stefnda, en hann fékk greidd út námslán hjá stefnanda á árunum 1982-1989. Í samræmi við lög nr. 72/1982, er giltu er lánið var tekið, gaf stefndi út skuldabréf við hverja útborgun námslána.

Alls gaf stefndi út 36 skuldabréf til stefnanda en um er að ræða eftirtalin skuldabréf:

Nr. T-129908 upphaflega að fjárhæð **290.065** krónur, útgefið þann **24.08.1989**, með grunnvísitölu **L-2584**.

Nr. T-006901 upphaflega að fjárhæð **6.130** krónur, útgefið þann **02.06.1983**, með grunnvísitölu **L-675**.

Nr. T-000524 upphaflega að fjárhæð **57.500** krónur, útgefið þann **01.10.1982**, með grunnvísitölu **L-473**.

Nr. T-013790 upphaflega að fjárhæð **42.800** krónur, útgefið þann **18.01.1984**, með grunnvísitölu **L-850**.

Nr. T-011166 upphaflega að fjárhæð **13.300** krónur, útgefið þann **08.12.1983**, með grunnvísitölu **L-836**.

Nr. T-065795 upphaflega að fjárhæð **11.100** krónur, útgefið þann **21.07.1986**, með grunnvísitölu **L-1472**.

Nr. T-065794 upphaflega að fjárhæð **64.500** krónur, útgefið þann **21.07.1986**, með grunnvísitölu **L-1472**.

Nr. T-118693 upphaflega að fjárhæð **179.442** krónur, útgefið þann **21.12.1988**, með grunnvísitölu **L-2279**.

Nr. T-119398 upphaflega að fjárhæð **19.620** krónur, útgefið þann **11.01.1989**, með grunnvísitölu **L-2317**.

Nr. T-004422 upphaflega að fjárhæð **19.400** krónur, útgefið þann **11.04.1983**, með grunnvísitölu **L-585**.

Nr. T-094760 upphaflega að fjárhæð **14.000** krónur, útgefið þann **26.10.1987**, með grunnvísitölu **L-1841**.

Nr. T-072005 upphaflega að fjárhæð **31.044** krónur, útgefið þann **11.11.1986**, með grunnvísitölu **L-1542**.

Nr. T-080242 upphaflega að fjárhæð **8.400** krónur, útgefið þann **26.01.1987**, með grunnvísitölu **L-1594**.

Nr. T-078918 upphaflega að fjárhæð **50.970** krónur, útgefið þann **13.01.1987**, með grunnvísitölu **L-1594**.

Nr. T-080241 upphaflega að fjárhæð **8.400** krónur, útgefið þann **26.01.1987**, með grunnvísitölu **L-1594**.

Nr. T-095055 upphaflega að fjárhæð **67.664** krónur, útgefið þann **26.10.1987**, með grunnvísitölu **L-1841**.

Nr. T-094761 upphaflega að fjárhæð **14.000** krónur, útgefið þann **26.10.1987**, með grunnvísitölu **L-1841**.

Nr. T-097872 upphaflega að fjárhæð **23.530** krónur, útgefið þann **14.12.1987**, með grunnvísitölu **L-1913**.

Nr. T-098940 upphaflega að fjárhæð **51.761** krónur, útgefið þann **11.01.1988**, með grunnvísitölu **L-1958**.

Nr. T-069432 upphaflega að fjárhæð **23.462** krónur, útgefið þann **10.10.1986**, með grunnvísitölu **L-1517**.

Nr. T-008960 upphaflega að fjárhæð **60.500** krónur, útgefið þann **18.10.1983**, með grunnvísitölu **L-821**.

Nr. T-019083 upphaflega að fjárhæð **57.400** krónur, útgefið þann **18.04.1984**, með grunnvísitölu **L-879**.

Nr. T-032817 upphaflega að fjárhæð **37.300** krónur, útgefið þann **22.01.1985**, með grunnvísitölu **L-1050**.

Nr. T-023566 upphaflega að fjárhæð **21.400** krónur, útgefið þann **03.10.1984**, með grunnvísitölu **L-938**.

Nr. T-023565 upphaflega að fjárhæð **44.600** krónur, útgefið þann **03.10.1984**, með grunnvísitölu **L-938**.

Nr. T-035235 upphaflega að fjárhæð **60.800** krónur, útgefið þann **02.04.1985**, með grunnvísitölu **L-1119**.

Nr. T-087036 upphaflega að fjárhæð **4.651** krónur, útgefið þann **22.04.1987**, með grunnvísitölu **L-1662**.

Nr. T-089510 upphaflega að fjárhæð **70.238** krónur, útgefið þann **22.06.1987**, með grunnvísitölu **L-1721**.

Nr. T-128088 upphaflega að fjárhæð **202.260** krónur, útgefið þann **26.05.1989**, með grunnvísitölu **L-2475**.

Nr. T-062422 upphaflega að fjárhæð **11.100** krónur, útgefið þann **05.05.1986**, með grunnvísitölu **L-1448**.

Nr. T-055720 upphaflega að fjárhæð **82.400** krónur, útgefið þann **27.01.1986**, með grunnvísitölu **L-1396**.

Nr. T-049683 upphaflega að fjárhæð **102.300** krónur, útgefið þann **25.11.1985**, með grunnvísitölu **L-1337**.

Nr. T-041807 upphaflega að fjárhæð **41.100** krónur, útgefið þann **16.07.1985**, með grunnvísitölu **L-1178**.

Nr. T-090703 upphaflega að fjárhæð **29.900** krónur, útgefið þann **20.08.1987**, með grunnvísitölu **L-1778**.

Nr. T-111441 upphaflega að fjárhæð **51.411** krónur, útgefið þann **15.08.1988**, með grunnvísitölu **L-2254**.

Nr. T-110141 upphaflega að fjárhæð **213.711** krónur, útgefið þann **06.06.1988**, með grunnvísitölu **L-2154**.

Samkvæmt lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna er lánið verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu en ber enga vexti. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Endurgreiðsla hefst þremur árum eftir námslok lánþega, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð af hálfu stefnanda. Í janúar mánuði á því ári sem endurgreiðslur lánsins skyldu hefjast voru framangreind skuldabréf, sem stefndi hafði gefið út vegna lánsins, uppreiknuð miðað við grunnvísitölu þess mánaðar og sameiginleg fjárhæð þeirra færð inn í innheimtakerfi stefnanda. Vísitalan þegar skuldabréfin voru sameinuð og skráð í innheimtakerfi stefnanda var 3246,0 þ.e. lánskjaravísitala janúar mánaðar árið 1993. Þannig uppreiknuð var staða lánsins í heild 4.515.780 krónur. Af þessu tilefni fengu skuldabréfin sameiginlegt lánsnúmer í innheimtakerfi stefnanda, S-931153.

Um endurgreiðslu lánsins fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna en annars vegar er um að ræða fasta ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs og hins vegar tekjutengda ársgreiðslu með gjalddaga 1. september ár hvert, sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. september 1993 og voru afborganir af láninu greiddar til og með gjalddaga 1. mars 2020, en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá gjalddaga 1. september 2021. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 30. maí 2022 vegna verulegra vanskila stefnda, en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 335.030 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 5.957.118 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag sem var 528,8.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir dags. 1. mars 2021 kr. 85.876

dags. 1. september 2021 kr. 159.118

dags. 1. mars 2022 kr. 90.036

Samtals kr. 335.030

Gjaldfallnareftirst. kr. 5.957.118

Samtals eftirst. kr. 6.292.148

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi er búsettur í Danmörku samkvæmt þjóðskrá Íslands. Vegna stefnubirtingar var leitað til sýslumannsins á Suðurnesjum til að reyna að fá stefnuna birta í Danmörku. Reynt hefur verið að birta stefnu þrisvar sinnum fyrir stefnda í Danmörku en án árangurs. Í fyrra skiptið var stefna þýdd löggilt yfir á dönsku í máli sem þingfesta átti þann 15. desember 2022 og stefnan send til birtingar til Danmerkur á heimilisfang

stefnda sem stefnandi hafði upplýsingar um, Livjærgade 27, st tv, 2100 København Ø, Danmörk. Sú birting reyndist árangurslaus þar sem ekki náðist að birta stefnuna fyrir stefnda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Í seinna skiptið var óskað eftir aðstoð erlends innheimtuaðila við leit að öðru heimilisfangi stefnda og var niðurstaðan heimilisfangið, Nørre Allé 19D, 2, 3, 2200 København Danmörk. Reynt hefur verið að birta tvisvar sinnum á því heimilisfangi en ekki náðist að birta stefnurnar sem þingfesta átti þann 25. maí 2023 annars vegar og hins vegar stefnu sem átti að þingfesta þann 15. febrúar 2024 fyrir stefnda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Stefnandi hefur engar aðrar upplýsingar um heimilisfang stefnda í Danmörku. Leitast var þá eftir aðstoð Utanríkisráðuneytisins um birtingu á stefnunni sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. september 2024 á þeim forsendum að heimilisfang stefnda væri ekki þekkt sbr. framangreint. Þann 2. júlí 2024 barst svar frá Utanríkisráðuneytinu þess efnis að ráðuneytið gæti ekki haft milligöngu um stefnubirtingu þar sem heimilisfang stefnda teldist ekki vera óþekkt. Að öllu framangreindu virtu, þá er sérstaklega vísað til þess að dönsk yfirvöld hafi látið hjá líða af birta stefnuna fyrir stefnda, hefur stefnandi engin önnur úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingum á stefnum vegna birtingar hennar á hendur stefnda í Danmörku auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber nauðsyn að fá virðisaukaskattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfa.
4. Yfirlit yfir ábyrgðir.
5. Yfirlit yfir útgefna skuldabréf.
6. Yfirlit stefnanda yfir stöðu lánsins dags. 30. maí 2022.
7. Yfirlit stefnanda yfir skuldabréf dags. 30. maí 2022.
8. Greiðsluáætlun.
9. Innheimtuviðvörðun dags. 30. september 2021.
10. Innheimtubréf dags. 12. nóvember 2021.
11. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins dags. 30. maí 2022.
12. Reikningar vegna þýðingar á stefnum.
13. Upplýsingar frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu í Danmörku dags. 30. nóvember 2022.
14. Birtingavottorð frá Danmörku dags. 5. október 2022.
15. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 15. desember 2022.
16. Upplýsingar frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu í Danmörku dags. 13. apríl 2023.
17. Birtingavottorð frá Danmörku dags. 7. mars 2023.
18. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 25. maí 2023.
19. Upplýsingar frá erlendum innheimtuaðila um heimilisfang stefnda í Danmörku dags. 2. janúar 2023.
20. Upplýsingar um heimilisfang stefnda úr kerfi stefnanda.
21. Upplýsingar frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu í Danmörku dags. 15. janúar 2024.
22. Birtingavottorð frá Danmörku dags. 20. nóvember 2023.
23. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 15. febrúar 2024.
24. Beiðni um stefnubirtingu til Utanríkisráðuneytisins dags. 20. mars 2024.

- Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 12. september 2024.
- Upplýsingar frá Utanríkisráðuneytinu um birtingu á stefnunni dags. 2. júlí 2024.
- Afrit af embættiserindi dags. 2. apríl 2024.
- Greiðsla til Lögbirtingablaðsins.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirfall: Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 14. nóvember 2024 kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 16. september 2024.

F. h Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,

Dagbjört J. Hauksdóttir lögfræðingur

(2024019165

Útgáfud.: 2. október 2024

Stefna til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Rögnvaldur D Ingbórsson, kt. 200568-5089, England.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.898.772 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, af kr. 634.139 frá 1. september 2021 til 1. mars 2022, af kr. 786.187 frá 1. mars 2022 til 12. ágúst 2022, af kr. 3.898.772 frá 12. ágúst 2022 til greiðsludags. Allt að fráðreginni innborgun dags. 3. mars 2021 kr. 2.596, sem dregst frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Kröfunúmer: 1012-220018.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að viðbættum virðisaukaskatti, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmáður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er til komin vegna námslána stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 1996-1999. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndi af því tilefni út skuldabréf nr. R-016421 þann 5. febrúar 1996 þar sem Ingbór Bjarnason undirritaði skilmála lánsins í umboði stefnda, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 31. maí 1999. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæðin 3.195.472 krónum miðað við grunnvísitölu 186,4.

Um endurgreiðslu á láninu fer skv. þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda. Árleg endurgreiðsla skuldabréfsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við neyslúvísitölu og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af útsvarsstofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. mars 2005 en endurgreiðslur lánsins frestuðust fram að þeim tíma þar sem lántakanda bar fyrst að greiða af eldra R-láni sbr. 18. gr. þágildandi laga nr. 21/1992 um innheimturöð námslána. Greitt var af afborgunum lánsins frá gjalddaga 1. mars 2005 til og með gjalddaga 1. september 2020 en stefndi sótti um og fékk samþykktar undanþágur frá afborgunum lánsins á árinu 2006 og á tekjutengdri afborgun árið 2011. Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 12. júlí 2022 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 786.187 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 3.112.585 krónur miðað við vísitölu 539,5 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun	dags. 1. mars 2021	kr. 145.023
	dags. 1. september 2021	kr. 489.116
	dags. 1. mars 2022	kr. 152.048
Samtals		kr. 786.187
Gjaldfallnar eftirstöðvar		kr. 3.112.585
Samtals		kr. 3.898.772

Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun að fjárhæð 2.596 krónur og hefur þegar verið tekið tillit til innborgana við gerð dómkrafna. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingarblaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi er skráður samkvæmt Þjóðskrá Íslands með lögheimili í Svíþjóð. Í kerfum stefnanda hefur stefndi skráð heimilisfang á Englandi. Óskað var eftir aðstoð erlends innheimtuaðila til þess að leita að heimilisfangi stefnda bæði í Svíþjóð og á Englandi. Niðurstaðan var sú að ekki fannst heimilisfang í Svíþjóð hjá stefnda heldur á Englandi þ.e. 18 QUEENS LANE, EYNSHAM Witney, Oxfordshire OX29 4HL, England. Send var stefna þann 21. febrúar 2024 til birtingar á Englandi á hendur stefnda sem áætlað var að þingfesta þann 20. júní 2024 síðastliðinn. Stefnan var birt stefnda þann 4. júní 2024 þ.e. eftir stefnufrestinn sem var tilgreindur 20. maí 2024 á Haag eyðublaðinu. Þar sem þarlend yfirvöld í Englandi hafa látið hjá líða að birta stefnuna innan umbeðins birtingafrests hefur stefnandi engan annan kost nema að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda á Englandi auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 laga um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn að fá dæmðan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. R-016421.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Greiðsluáætlun dags. 12. júlí 2024.
7. Yfirlit yfir stöðu lánsins dags. 12. júlí 2022.
8. Yfirlit yfir skuldabréf dags. 12. júlí 2022.
9. Yfirlit yfir undanþágur.
10. Innheimtuviðvörðun dags. 30. september 2021.
11. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins dags. 12. júlí 2022.
12. Upplýsingar um heimilisfang stefnda á Englandi hjá stefnanda.
13. Samskipti við erlendan innheimtuaðila vegna leitar að heimilisfangi hjá stefnda dags. 30. janúar 2023.
14. Yfirlit yfir greiðslur vegna eldra R láns.
15. Reikningur vegna þýðingar á stefnu dags. 11. febrúar 2024.
16. Upplýsingar frá Sýslumanninum á Suðurnesjum um birtingu á stefnu dags. 10. september 2024.
17. Birtingavottorð frá enskum yfirvöldum móttækið dags. 10. september 2024.
18. Beiðni um stefnubirtingu.
19. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 20. júní 2024.
20. Greiðsla úr Lögbirtingablaði.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn þann 14. nóvember 2024 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. september 2024.

F. h Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,

Dagbjört J. Hauksdóttir lögfræðingur

(2024019367

Útgáfud.: 2. október 2024

Stefna til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna

kt. 710169-0989

Borgartúni 21

Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Sigríður Þ. Sæmundsdóttir, kt. 120168-5849, heimilisfang óþekkt, Kanada.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 5.402.116 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, af kr. 247.218 frá 1. september 2021 til 1. mars 2022, af kr. 399.266 frá 1. mars 2022 til 30. júní 2022, af kr. 5.402.116 frá 30. júní 2022 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-220035.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2005-2006. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefnda af því tilefni út skuldabréf nr. G-053053 þann 11. apríl 2005 þar sem hún undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 30. apríl 2006. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 3.120.073 krónum miðað við grunnvísitölu 252,3.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2008 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 30. maí 2022 vegna verulegra vanskila stefndu en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 399.266 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 5.002.850 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 528,8 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1 mars 2021	kr. 145.023
	dags. 1 september 2021	kr. 102.195
	dags. 1. mars 2022	kr. 152.048
Samtals		kr. 399.266
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 5.002.850
Samtals eftirst		kr. 5.402.116

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Stefna er búsett í Kanada samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Stefna sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. október 2023 á hendur stefndu var þýdd og send til birtingar til Kanada á heimilisfangið 22-20 Vanderbilt Common, Spruce Grove, Alberta, T7X0V6, en það heimilisfang var fengið með leit erlends innheimtuaðila. Birtingin kom til baka og reyndist hún árangurslaus þar sem stefnda þekkist ekki á því heimilisfangi. Stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 14. mars 2024 var þýdd og send aftur til birtingar til Kanada á annað heimilisfang sem er skráð hjá stefnanda 202 Graywood Mews, Stony Plain TZ7 AB OC2, Kanada. Sú birting reyndist einnig árangurslaus þar sem stefnda þekkist heldur ekki á því heimilisfangi. Frumskilyrði fyrir birtingu stefnu skv. 1.gr. Haag samningsins um birtingar í einka- og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965 er að heimilisfang viðkomandi sé þekkt. Leitast var eftir aðstoð Utanríkisráðuneytisins við birtingu stefnunnar í Kanada sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. september 2024 en með vísan til tölvuskeytis frá Utanríkisráðuneytinu þann 11. apríl 2024 lágu þær upplýsingar fyrir að engin allsherjar skrá er yfir einstaklinga búsettum í tíu fylkjum Kanada og þremur sjálfstjórnarsvæðum. Því hefur sendiráð Íslands í Ottawa ekki geta látið birta stefnuna. Með vísan til alls framangreinds á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Kanada auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem

hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefina reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-053053.
4. Yfirlit yfir útborganir.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Greiðsluyfirlit dags. 18. apríl 2023.
7. Yfirlit yfir stöðu lánsins dags. 30. maí 2022.
8. Yfirlit yfir skuldabréf dags. 30. maí 2022.
9. Innheimtuviðvörðun dags. 30. september 2021.
10. Innheimtubréf dags. 23. nóvember 2021.
11. Tilkynning um gjaldfellingu dags. 30. maí 2022.
12. Reikningar vegna þýðingar á stefnum.
13. Upplýsingar um heimilisfang stefndu hjá stefnanda.
14. Upplýsingar um heimilisfang stefndu í Kanada frá erlendum innheimtuaðila dags. 8. mars 2023.
15. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. október 2023.
16. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Kanada dags. 1. ágúst 2023 og dags. 28. júlí 2023.
17. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Kanada dags. 1. febrúar 2024 og dags. 25. janúar 2024.
18. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 14. mars 2024.
19. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. september 2024.
20. Upplýsingar frá Utanríkisráðuneytinu varðandi stefnubirtingu í Kanada dags. 11. apríl 2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 14. nóvember 2024 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. september 2024.
F. h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,
Dagbjört J. Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024019373

Útgáfud.: 27. september 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands 26. september 2024, er Maggi Guðjón Ingólfsson kt. 300549-2259, sviptur lögræði í 10 ár.

Borgarnesi, 27. september 2024.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

(2024019090)

Útgáfud.: 27. september 2024

Tilkynning frá Orkustofnun um útgáfu virkjunarleyfa

Orkustofnun hefur gefið út eftirtalin leyfi til að reisa og reka raforkuver á grundvelli 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Virkjunarleyfi til vindorkuframleiðslu í Búrfellslundi í Rangárþingi ytra - útgáfudagur: 12. ágúst 2024.

Virkjunarleyfi Sigölduvirkjunar í Rangárþingi ytra og Ásahreppi - Útgáfudagur 12. september 2024.

Virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar í Þjórsá, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi - Útgáfudagur 12. september 2024.

Öll virkjunarleyfi má nálgast á heimasíðu Orkustofnunar á slóðinni <https://orkustofnun.is/upplýsingar/gagnasofn/utgefín-leyfi>.

Samkvæmt 37. gr. raforkulaga er heimild að kæra þessar ákvarðanir Orkustofnunar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um kærufresti, aðild að málum og málsmeðferð fer eftir lögum um nefndina nr. 130/2011.

Orkustofnun.

(2024019075)

Útgáfud.: 1. október 2024

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir nóvember 2024:

Vísitala neysluverðs: 632,3 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 12.485 stig.

Reykjavík, 27. september 2024.

Hagstofa Íslands.

(2024019185)

Útgáfud.: 26. september 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Nordic Chimney Delights ehf.

Kt.: 490924-1750.

Heimili og varnarþing: Grandavegi 47, 107 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 2. september 2024.

Stofnendur: Mukhalld Jassim Al Ismaee, kt. 010690-5609, Ótilgreindu, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. september 2024.

Stjórnarmaður: Mukhalld Jassim Al Ismaee. Varastjórn: Ryan Christian Labunog Mabanag, kt. 300597-4679, Filippseyjar, .

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Mukhalld Jassim Al Ismaee.

Prókúruumboð: Mukhalld Jassim Al Ismaee.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kundan Raj Mishra, kt. 041273-2329, Eyjabakka 28, 109 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er smásala á brauði, kökum, sætabrauði og sælgæti í sérverslunum með aukastarfsemi krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024019027

Útgáfud.: 26. september 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Verkþekking ehf.

Kt.: 530924-0680.

Heimili og varnarþing: Friggjarbrunni 8, 113 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 5. september 2024.

Stofnendur: Garðar Atli Jóhannsson, kt. 280882-4109, Friggjarbrunni 8, 113 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 5. september 2024.

Stjórnarmaður: Garðar Atli Jóhannsson. Varastjórn: Valgerður Rut Jakobsdóttir, kt. 060389-2339, Friggjarbrunni 8, 113 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Stjórnarmaður eða varamaður.

Framkvæmdastjórn: Garðar Atli Jóhannsson.

Prókúruumboð:

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hörður Sævar Erlingsson, kt. 110169-4509, Bleikjukvísl 18, 110 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ráðgjöf, framkvæmdaeftirlit, verkefnastjórnun og byggingarstjórnun.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024019028

Útgáfud.: 26. september 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Umami ehf.

Kt.: 490924-1590.

Heimili og varnarþing: Auðbrekku 20, 200 Kópavogur.

Dagsetning samþykktar er: 21. ágúst 2024.

Stofnendur: Auðbrekka ehf., kt. 590814-1210, Digranesvegi 67, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 21. ágúst 2024.

Stjórnarmaður: Egill Gauti Þorkelsson, kt. 300888-2759, Auðbrekku 20, 200 Kópavogur. Varastjórn: Wannapa Sirikanarak, kt. 030888-5299, Auðbrekku 20, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Egill Gauti Þorkelsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Helga Hauksdóttir, kt. 021253-3249, Digranesvegi 67, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Félagið framleiðir, markaðssetur og selur "Umami" vörur. Félagið sinnir einnig annarri tengdri atvinnustarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024019029

Lögbirtingablað,
56. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.